

Samantekt um notkun á aðstöðu Félags myndlistamanna í Reykjanesbæ á Hafnargötu 2a (Svarta Pakkhús)

1. Hafnargata 2a er eina aðstaða félagsins og hefur það eitt til umráða í dag. Gallerí Svarta Pakkhús var þar einnig með aðstöðu en það samstarf endaði fyrir rúmu ári síðan. Félagið notar aðeins neðri hæðina undir starfsemi sína þ.e námskeið og myndlistarsýningar t.d á Ljósanótt og sem aðstöðu fyrir félagsmenn til að sinna myndlist. Á efri hæð hússins hefur félagið fengið að geyma hluta af dóti sem ekki kemst fyrir á neðri hæð en áður en sú hæð var dæmd hættuleg var hugmyndin að koma upp þar vinnustofu aðstöðu ásamt því að geta keyrt námskeið þar líka.

2. Ekki er um daglega notkun á húsnæðinu að ræða heldur má segja að hún sé árstíðabundin. Þá er annars vegar um að ræða þegar haustnámskeið byrja og svo vetrarnámskeið. Þess á milli hefur Listaskóli barna fengið aðstöðuna að láni yfirleitt í júní/júlí Einnig hafa félagsmenn aðgang að aðstöðunni með vitneskju stjórnar og er lyklabox við útidyr og kóði gefin þeim sem óska eftir að fá aðgengi. Kóða er síðan breytt reglulega til að skapa ekki óþarfa áhættu á misnotkun á húsnæðinu.

3. Stjórn félagsins hefur yfirumsjón og aðgang að húsnæðinu, greiðir hita og rafmagn og ber ábyrgð á að vel sé gengið um það. Eftirfarandi fara með stjórn nú: Hermann Árnason formaður. Ögmundur Sæmundsson og Halla Harðardóttir. Haraldur Gunnarsson sér um fjármál félagsins en situr ekki í stjórn.

4. Félagmyndlistamanna í Reykjanesbæ hefur haft yfirumsjón og aðstöðu að Hafnargötu 2a frá árinu 1998.